Gljákot

Gljákot er ein af hjáleigunum frá Høringsstöðum, fyrst getið 1681 hálflendan í eigu Þorleifsgjafasjóðs en Holtsbøndur keyptu hinn hluta jarðarinnar 1964 af Vilhjálmi Þór og dánarbúi Skúla Thorarensen. Jörðin er við Hróarsholtslok á milli Oddagarða og Høringsstaða, ekkert tún, en grasgefin í besta lagi. Utan samgangna og telst ekki í ábúð eftir 1955. Til þess að auðvelda samgirðingu á löndum Holtslønda voru gerð breytt landamerki milli „Høringsstaða og Høringsstaðahjáleigu annarsvegar og Brúar, Oddagarða og Gljákots hinsvegar" Høringsstaðir fengu heimaland Gljákots, en létu land sem annars klauf jarðirnar frá Holtslandi. „Skurður var grafinn í mörkum þessum. Vestari endi hans er 215 m fyrir suðaustan Valhallarlok (kemur þar í skurð á vesturmörkum Høringsstaða), en að austan 500 m fyrir norðan Einstig í Meðalholtaskurð". Dags. 20. júní 1965. Erlendur Daníelsson Holtsbøndur fengu „á erfðaleigu eigu Þorleifsgjafasjóðsins hálflendurnar Brú, Oddagarða og Gljákot" --- 22. november 1964 Þorgeir Bjarnason leigusali (umboðsmaður), þinglesið 12. maí 1965 f. h. s. Sveinn Sveinsson.

7435
A-4

Fasteignamat 1977, jörð 325 þús.

Fm. 1861: 10.72 hundr.

Síðustu ábúendur:

1872-1904 Gísli Sigurðsson og Ingibjörg Jónsd.

1904-1949 Ásmundur Gíslason og Elisabet Magnúsd.

1949 - Elisabet Magnúsd. og sonur hennar Elis Ásmundsson, voru þerna í nokkur ár - Vart talist til búskapar.

7435
A-4